

## G J A L D S K R Á

### um greiðslur fyrir aukaverk presta.

#### 1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

#### 2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu nafns barns í ministerialbók .....	kr. 55.00
2. — fermingu, ásamt undirbúningi .....	— 225.00
3. — hjónavígslu .....	— 170.00
4. — greftrun .....	— 110.00
5. — endurskoðun kirkjureiknings .....	— 25.00
6. — vottorð, er prestur gefur í embættisnafni .....	— 10.00

Prestur lætur ókeypiss í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypiss vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

#### 3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða jarðarför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

#### 4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

#### 5. gr.

Skyllt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 1931 og gildir frá 1. marz 1962 til 31. desember 1972, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá nr. 122 28. marz 1956, um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. marz 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Ragnar Bjarkan.*